



Skeiða og Gnúpverjahreppur

Álagningarforsendur fasteignagjalda 2023

Álagningarforsendur fyrir árið 2023 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi:

Útsvarsprósenta: 14.74%

A-flokkur 0,40% af heildar fasteignamati:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

B-flokkur 1,32% af heildar fasteignamati:

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

C-flokkur 1,65% af heildar fasteignamati:

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Afsláttur af fasteignaskatti fer eftir 3. gr. samþykktar sveitarstjórnar frá 7. febrúar 2006. Þeir sem eru eldri en 67 ára og þeir sem eru 75% öryrkjar eða meira geta sótt um afslátt á fasteignagjöldum þeirra íbúðar sem þeir búa í og ekki er nýtt af öðrum.

Afsláttur af fasteignagjöldum tekur breytingum frá árinu 2022 í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs á tímabilinu 1. des 2021- 1. des 2022.

Heimæðagjald vatnsveitu

Grunnur heimæðagjaldi vatnsveitu er 150.000 kr. var samþykktur í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepp þann 6. október 2009, m.v. byggingarvísitölu grunnvísitölu í janúar 2009, 489,6 stig. Heimæðagjald í janúar 2023, er þá 270.987 kr. m.v. byggingarvísitölu desember 2022, 884,5 stig.

Vatnsgjald:

Vatnsgjald er 0,2% af heildarfasteignamati íbúðarhúsi, lóða og atvinnuhúsnæði, þó að hámarki 37.000 kr. Eitt vatnsgjald er innheimt af sumarhúsum, 31.500 kr.

Lóðarleigugjöld

Lóðarleigugjöld innheimtist skv. lóðarleigusamningum.

Sorphirða og sorpeyðingargjöld innheimtast samkvæmt gjaldskrá um um meðhöndlun úrgangs

Rotþróar- og fráveitugjöld innheimtast samkvæmt gjaldskrá fyrir fráveitur og seyru í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.



Skeiða og Gnúpverjahreppur *Álagningaforsendur fasteignagjalda 2023*

Gjaldareglur

Öll gjöld v. vatnsgjalds, lóðarleigu, og sorphirðu hafa sömu gjalddaga og fasteignaskattur og fer innheimtu þeirra gjalda samhliða innheimtu fasteignaskatts

Gjalddagar fasteignaskatts, vatnsgjalds, lóðarleigu og sorphirðu skulu greiddir með 10 gjalddögum frá 1. feb- 1. nóv.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 7. desember 2022.